

Ed.

50. Breytingartillögur

[4. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 1. gr

1. Framan við greinina bætist:
 - a. Í stað orðanna „að Hofsstöðum“ í B. 42 í 2. gr. laganna kemur: að Hlíð.
 - b. Í stað orðanna „að Kletti austan undir Klettshálsi“ í B. 43 í sömu grein kemur: um Klettsháls og Vattarnes að Firði í Múlahreppi.
2. Aftan við greinina bætist:
 - a. Í stað orðanna „að Fossi“ í B. 65 í sömu gr. kemur: að Reykjarfirði.
 - b. Á eftir B. 65 kemur nýr töluliður, er orðast svo:
Fossheiðarvegur: Frá Fossi á Barðastrandarveg.
 - c. Í stað orðanna „að Sveinseyri“ í B. 66 í sömu gr. kemur: að Sellátrum.
 - d. Í stað orðanna „að Brjánslæk“ í B. 67 í sömu gr. kemur: að Auðshaugi á Hjarðarnesi.
 - e. Á eftir B. 67 kemur nýr liður, er orðast svo:
Siglunesvegur: Frá Haukabergi að Siglunesi.
 - f. Á eftir B. 68 í sömu gr. kemur nýr liður, er orðast svo:
Melanesvegur: Frá Saurbæ að Melanesi.
 - g. Á eftir B. 69 í sömu gr. kemur nýr liður, er orðast svo:
Útvíkurvegur: Frá Gjögri um Útvíkur að Látrum.